



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

KR svæðið - Frostaskjól 2-6

Á fundi borgarráðs þann 30. júní 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. júní 2022, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 22. júní 2022 á nýju deiliskipulagi fyrir KR-svæðið, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillögurnar gera ráð fyrir stórbættri íþróttaaðstöðu fyrir KR og íbúana í hverfinu, þar með talið fyrir börn og ungmenni. Þær fela m.a. í sér að byggður verður nýr íþróttasalur, nýtt fjölnota íþróttahús auk stórbættrar áhorfendaaðstöðu. Þá er gert ráð fyrir 100 nýjum íbúðum auk atvinnuhúsnæðis á jarðhæð. Bílastæði eru í samræmi við bílastæðastefnu borgarinnar. Íbúðum fjölgar til muna í eftirsóttu og grónu hverfi og sömuleiðis opna áformin á eflingu á verslun og þjónustu á svæðinu.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna löngu tímabærri uppbyggingu íþróttamannvirkja fyrir KR við Frostaskjól, en félagið hefur búið við einhverja verstu aðstöðu allra hverfisfélaga í Reykjavík. Fulltrúarnir harna þó að félagið þurfi að láta af hendi mögulegt framtíðarsvæði til íþróttuppbyggingar svo fjármagna megi fyrirhuguð mannvirki. Betur færi á því að félagið fengi samskonar stuðning til uppbyggingar aðstöðu og önnur hverfisfélög innan borgarinnar. Þá undirstrika fulltrúarnir mikilvægi þess að sjónarmiðum íbúa verði mætt, og að innviðir hverfisins verði eflir svo vel megi taka á móti nýjum íbúum sem óhjákvæmilega munu fylgja uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á svæðinu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flestir eru sammála um að þörf sé á uppbyggingu á svæðinu en áhyggjum hefur verið lýst af byggingarmagni sem er fyrirhugað, umferðarmálum, bílastæðamálum og hvernig svæðið er lokað af með byggingum. Einnig hæð húsa, sbr. íbúðarhúsið sem auglýst er við Kaplaskjólsveg/Flyðrugranda sem er sagt verða 3ja-4ra hæða en miðað við



Reykjavíkurborg

teikningar mætti skilja það svo að það verði á hæð við fjölbýlishúsin sem þegar standavið Kaplaskjólsvog og eru það fimm hæða hús. Áhyggjur eru af skuggavarpi á einstaka byggingar. Það verður í það minnsta að vinna þetta í sátt við umhverfið að mati Flokks fólksins.

Helga Björk Laxdal

e.u.